

Íslensk Grafík



Yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum

5.–20. júní 1976



Þessi yfirlitssýning á íslenskri grafík er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis. Markmiðið með sýningunni er að gera úttekt á því besta sem gert hefur verið í grafík undanfarna áratugi. Nú munu ef til vill margir ímynda sér að íslensk grafík fyrr á árum sé það rýr að ekki taki því að sýna hana, hún hafi hvorki verið fugl né fiskur. Okkur sem að þessari sýningu stöndum lék samt sem áður forvitni á að vita hversu mikið hefði verið gert í grafík undanfarin ár, hverrar tegundar hún er o. s. frv. Við höfðum nokkur leiðarljós t. a. m. Jón Engilberts, Barböru Arnason og Braga Ásgeirsson, en þessir listamenn höfðu sérstöðu í íslenskri list að því leyti að þeir unnu mikið í grafík.

Við nánari könnun hefur komið í ljós að ótrúlega margir hafa fengið við grafík fyrr á árum, en í misríkum mæli. Í mörgum tilfellum hefur hún verið forvitnileg tilraun og síðan ekki söguna meir.

Ein ástæðan fyrir því að grafíklistin náði ekki útbreiðslu og fótfestu meðal listamanna er sjálfsagt aðstöðuleysi, en eins og kunnugt er þarf ýmsan dýran tækjakost og jafnvel sér húsnæði til að geta



Barbara Arnason

fengist við grafík. Aðrar ástæður, sem hér má tilgreina, er að fáir öfluðu sér sérmenntunar á þessu sviði, samfara litlum áhuga almennings á grafískum verkum.

Í dag höfum við kunnáttuna, flestir starfandi félagar í Íslenskri grafík hafa fengið sérmenntun á þessu sviði hér heima eða erlendis. Einnig er greinilegt að áhugi meðal almennings á grafík fer vaxandi, þannig að nú eru flest þau hjól farin að snúast sem þarf til að skapa grósku í grafíklist.

Drátt fyrir þessar forsendur hefur enn ekki tekist að skapa íslenskum grafíklistamönnum viðhlítandi starfsskilyrði, og er því eitt meginmarkmið félagsins Íslensk grafík að bæta starfsaðstöðu félagsmanna.

Þessi sýning, sem hér hefur verið sett saman, er mikilvæg, hún gerir íslenska myndlist fjölbreyttari og sýnir nýjar hliðar á ýmsum listamönnum sem okkur voru áður ókunnar. Vonandi verður sýningin nútíma íslenskri grafíklist mikil lyftistöng.

Jón Reykdal

Grafískir púnktar í stórum dráttum


- 1934 Alþýðublaðið (sunnudagsblað) byrjar birtingu á forsiðumyndum sem skornar voru í dúk, og þrykkar beint í blaðið. Þetta framtak stóð yfir til ársins 1936. Höfundar voru Ásgeir Bjarnþórsson, Eggert Laxdal, Snorri Arinbjarnar, Jóhann Briem o.fl.
- 1938 Barbara Árnason sýnir tréstungur o.fl. í Markaðsskálanum við Ingólfsstræti.
- 1943 Nína Tryggvadóttir gerir barnabókina „Tindátarnir“ (textinn eftir Stein Steinarr), þrykta með dúkristum. 1946 gerði hún á sama hátt bókina „Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn“ svo og 1948 bókina „Fjúgandi fiskisaga“.
- 1948 Nína Tryggvadóttir, Þorvaldur Skúlason og Valtýr Pétursson gefa út grafíkþoppu með dúkristum. Myndirnar voru þrykktar í prentsmiðjunni Hólum og gefnar út í 20—30 eintökum. Fjórar grafíkþoppur seldust.
- 1954 Íslensk grafík stofnað af Jóni Engilberts, Jóni Þorleifssyni, Veturliða Gunnarssyni, Jóhannesi Jóhannessyni, Benedikt Gunnarssyni, Kjartani Guðjónssyni ásamt Hafsteini Guðmundssyni prentsmiðjustjóra.



Merki félagsins teiknað af Jóni Engilberts

- 1958 Félagið starfaði lítið en keypti litógrafiupressu og marga litógrafiusteina (sem fluttir voru inn sem legsteinar). Litógrafiupressan lánuð Handiða- og myndlistaskólanum þar sem hún hefur verið notuð við kennslu undir handleiðslu Braga Ásgeirssonar. „Afstaða annarri listamanna, fáfræði og misskilningur almennings á grafík höfðu lamandi áhrif á þessum árum, lítið var á grafík sem annars flokks list, olíumálverkið var númer eitt. Í dag er afstaða listamanna og almennings allt önnur og jákvæðari, og þar með markaðurinn breiðari.“ — „Nýtt líf fór að færast í grafíkina þegar nemendur mínir úr Myndlista- og handiðaskólanum komu heim frá námi, t.d. Einar Hákonarson sem hélt einkasýningu á grafík haustið 1967, og Jens Kristleifsson sem fylgdi í kjölfarið með einkasýningu á dúkristum vorið 1968.“ (Bragi Ásgeirsson í viðtali við sýningarskrá).
- 1969 Einar Hákonarson setur upp koparætingarverkstæði í Myndlista- og handiðaskólanum, og endurreisir félagið Íslensk grafík sem legið hefur dauft um árabíl.
- 1970 Þátttaka félagsins Íslensk grafík á norrænni grafíkssýningu (NGU) í Lundi.

- 1970 Fyrsta samsýning félagsins í Unuhúsi (Janúar). (Sýningin hélt áfram sem „List um landið“).
- 1972 Norræn grafík (NGU) sýnd á vegum félagsins á Listahátíð í Norræna húsinu.
- 1971 Atelier 17 í París með grafíkssýningu í Reykjavík á vegum Íslenskrar grafík.
- 1975 Þátttaka félagsins Íslensk grafík á norrænni grafíkssýningu (NGU) í Bergen.
- 1975 Önnur samsýning félagsins í Norræna húsinu (apríl).
- 1975/76 Kynning á Íslenskri grafík á forsiðum sunnudagsblaðs Þjóðviljans (offsetprent).
- 1976 Norræn listánadeild á grafík sett upp í Norræna húsinu.
- 1976 Enn auknir menntunarmöguleikar á grafík, serigráfiuverkstæði sett upp í Myndlista- og handiðaskólanum af Þórði Hall, kennara við skólann.
- 1976 Yfirflitsýning á Íslenskri grafík á Listahátíð að Kjarvalsstöðum.



Þórður Hall



Jens Kristleifsson

Grafískar aðferðir á sýningunni

Grafískum aðferðum er skipt í 3. flokka:

I. HÁÞRYKK, II. DJÚÞÞRYKK og III. FLATÞRYKK, en á síðari árum hefur IV. flokkurinn, skapalónsþrykk, bæst í hópinn.

I. HÁÞRYKK

Byggist á því, að þeir fletir, sem svertan eða liturinn er borin á, eru upphækk- aðir fyrir ofan niðurskorinn botn. Þeir hlutar í myndinni, sem eru hvítir sam- svara niðurskornum flötum í þrykkplötunni.

Algengustu háþrykksaðferðirnar eru trérista, dúkrista (linoleum) og tréstunga.

TRÉRISTA

Í tréristu er hægt að nota flestar tegundir viðar. Verkfærin, sem eru notuð við skurðinn, eru sérstakir tréskurðarhnifar. Áður en myndin er skorin í plöt- una, er hún strokin yfir með svörtum lit. Á þennan grunn er myndin síðan teiknuð upp. Þegar myndin er skorin út, kemur ljós litur trésins fram á móti svörtum grunninum, svo að auðvelt er að fylgjast með framgangi verksins.

DÚKRISTA

Dúkristan skilur sig ekki mikið frá tréristunni, þrykkplatan er linoleumdúk. Við skurðinn eru notaðir dúkskurðarhnifar, sem eru ekki ósvipaðir tréskurðar- hnifum.

TRÉSTUNGA

Tréstunga byggist á sömu lögmálum og tréristan. Í tréstungu eru aðeins notaðar mjög harðar viðartegundir, t.d. eik. Það er rist í enda trésins, ófugt við tréristuna, sem er skorin í lengdartréð. Yfirborðið verður að vera slétt og vel slípað. Á það er hægt að rista mjög línar línur. Verkfærin, sem eru notuð við tréstunguna, eru svipaðir stiklar og eru notaðir við koparstungu.

II. DJÚÞÞRYKK

Byggist á því, að línur og fletir, sem hafa verið ristir eða ættir með sýru í málmplötu, eru fylltir með lit, sem síðan er þrykkt á pappír í þrykkpressu.

Algengustu djúþþrykksaðferðirnar eru: koparstunga, þurrnál, messotinta og akvatintuæting, sem byggist á því, að annaðhvort eru línur eða fletir ristir beint í málminn eða sýra er látin vinna á honum.

ÞURRNÁL

Í þurrnálsgrafík er myndin rist beint niður í plötuna með hvassri nál. Aðferð- in byggist á því, að nálaroddurinn myndar línu, sem er umlukin smáköntum úr kopar, sem nálin þrengir upp. Þegar svertan er borin á plötuna, fer hún ofan í línuna og situr einnig eftir á köntunum í kring, sem gefa línunni meiri breidd og mýkri áferð.

KOPARSTUNGA

Koparstunga er unnin beint í plötuna eins og þurrnálsgrafíkin. Vinnuaðferðin, verkfærin og útlit þrykksins skilur sig samt mikið frá henni. Rist er í plötuna með stikli, sem samanstendur af einu skurðjárn og rúnnaðu tréhandfangi, sem fest er í annan enda hans. Með stiklinum er hægt að fá fram kantláusa og hreina línu sem er einkennandi fyrir koparstunguna.

MESSOTINTA

Messotinta er nú á tímum sjaldgæf og lítið notuð aðferð. Sennilega er það vegna þess að undirbúningsvinna á plötuna er mjög tímafrek. Með sérstöku verkfæri, sem hefur tennta egg, er málmurinn ýður upp, þar til myndast hefur þétt og reglulegt mynstur sem að lokum þekur alla plötuna og gefur í þrykki algjörlega svarta áferð. Með sérstöku járn (póleringsjárn) er ýður málmurinn síðan jafnaður niður, og fást á þann hátt fram tónar í myndina. Slétt póleraðir fletir verða hvítir í þrykki.

ÆTING

Grundvöllur ætingar er, að þáttan er þakin með sýruheldum grunn. Í grunninn er teiknað með nál eða öðru áhaldi í þá hluta, sem eiga að vera svartir. Grunnarnir skiptast í: harðgrunn, mjúkgrunn og akvatintugrunn.

HARÐGRUNNUR

Harðgrunnur er oftast notaður við línætingu. Áður en grunnurinn er lagður á plötuna, er hún hituð. Grunnurinn er síðan dúppaður í þunna jafna húð yfir hana. Að lokum er hún sótuð með kertaloga. Í grunninn er myndin síðan teiknuð með nál.

MJÚKGRUNNUR


Vegna viðkvæmni mjúkgrunnins fyrir snertingu, býður hann upp á mikla möguleika í útfærslu. Fyrir utan það að teikna á plötuna, er hægt að taka afþrykk af ólíkum efnisáferðum, t.d. tauí, neti, o. fl. Teiknun á mjúkgrunn gengur fyrir sig á þann hátt, að mjúkur kornóttur pappír er lagður yfir grunninn á plötunni. Með blýanti er myndin síðan teiknuð á pappírinn, mjúkgrunnurinn festist þá á bakhlið pappírsins á þeim stöðum, sem blýanturinn hefur verið dreginn yfir og hreinsar á þann hátt fleti og línur, sem sýran vinnur síðan á.

ÆTING Á HARÐGRUNNI OG MJÚKGRUNNI

Áður er platan er ætt, verður að verja bakhlið og kanta fyrir sýrunni með asfaltlakk.

Ef platan er látin liggja í sýrunni jafn lengi í einum áfanga, verður útkoman sú, að allar línur fá sömu dýpt, sem gefa í þrykki sama styrkleika á öllum línunum. Með því að deila niður ætingartímanum á teikninguna er hægt að fá fram mismunandi styrkleika í línur og fleti. Platan er tekin upp úr sýrunni, skoluð úr vatni og þurrkuð. Þeir fletir, sem hafa náð tilætlaðri dýpt, eru þaktir með asfaltlakk.

Platan er aftur sett í sýrubaðið og þegar tilætluð dýpt hefur fengist á línur og fleti, er hún aftur tekin upp úr baðinu, fletir þaktir o. s. frv.



Jóhannes Kjarval

Ætingartíminn getur á þennan hátt verið frá t.d. einni mínútu upp í fleiri klukkutíma.

AKVATINTUÆTING

Akvatintuæting er tónætingaraðferð. Fjöldi af mjög smáum þúntum er ættur niður í plötuna, sem rennur saman í ljós- eða dökkgráan tón eftir því, hve lengi hún hefur legið í sýrunni. Grunnurinn er oftast asfaltduft, sem stráð er yfir plötuna. Bakhlið plötunnar er hituð, þar til kornin bráðna og festast við plötuna án þess að renna saman í heilþekjandi grunn. Þegar platan er síðan lögð í sýrubaðið, étur sýran sig niður milli kornanna.

III. FLATÞRYKK

Skilur sig frá fyrrnefndum aðferðum á þann hátt, að ekki er um neinn hæðarmun að ræða á þrykkplötunni. Þeir fletir og línur, sem taka við svertunni, liggja á sama grunn og þeir, sem ekki taka við lit.

LITÓGRAFÍA

Litógrafía er flatþrykk þ. e. a. s. myndin liggur á sléttum grunni og er ekki um neinn sýnilegan hæðarmun að ræða. Þrykkplatan er úr sérstökum kalksteini, en getur einnig verið úr finkornaðri álplötu (offsetplötu). Í stórum dráttum er hægt að segja, að aðferðin byggist á því, að fita og vatn hrindi hvort öðru frá sér. Myndin er teiknuð eða máluð með litógrafiukrit eða tússi. Eftir að steinninn með teikningunni á, hefur gengist undir sérstaka sýru-

meðhöndluð, er hann vættur með vatni. Vatnið situr eftir alls staðar nema á þeim stöðum sem feita kritin er. Þrykklitur er síðan valsaður yfir steininn, sem festist á feltri teikningunni meðan rakir fletir hrinda frá sér þrykklitnum. Þrykkur er síðan í litógrafíupressu.

IV. „SKAPALÓNSÞRYKK“


Byggist á því, að lit er þrýst í gegnum opna fleti á „skapalóni“, sem hefur verið fest á „fótógrafiskan“ — eða annan hátt á þéttofinn vef úr silki, monyl eða nyloni.

SERIGRAFÍA (SILK-SCREEN)


Serígrafían grundvallast á því, að þrykklitur er þrýst í gegnum þéttofinn vef á þrykkpappírinn eftir að vefurinn hefur verið þakinn á þeim flötum, sem ekki eiga að gefa þrykk. Vefurinn, sem getur verið úr náttúrusilki — monyl — eða nylonpráðum, er spenntur yfir ál- eða tréramma. Þeir fletir sem ekki eiga að hleypa í gegnum sig lit eru þaktir með fylli.

Vefinn er einnig hægt að einangra með „skapalóni“, sem skorið er í sérstaka skurðarfílm, eða á „fótógrafiskan“ hátt. Ramminn, sem vefurinn er festur á, er festur á þrykkborð eða þrykkplötu með tilheyrandi festingum. Með litasköfu er liturinn dreginn yfir allan vefinn, svo hann þrýstist í gegnum opnu hluta vefsins niður á pappírinn.

Dórður Hall



Richard Valtingoer Jóhannsson



Ragnheiður Jónsdóttir

Nína Tryggvadóttir



Yfirlitssýning
á Kjarvalsstöðum.

Þátttakendur:

Anna Sigríður Björnsdóttir	f. 1921
Arthúr Ólafsson	f. 1940
Barbara Árnason	1911 — 1975
Björg Þorsteinsdóttir	f. 1940
Bragi Ásgeirsson	f. 1931
Björn Björnsson	1886 — 1939
Eggert Guðmundsson	f. 1906
Eggert Laxdal	1897 — 1951
Eiríkur Smith	f. 1925
Erró	f. 1932
Guðmundur Einarsson frá Miðdal	1895 — 1963
Guðmundur Thorsteinsson (Muggur)	1891 — 1924
Guðmundur Á. Sigurjónsson	f. 1946
Gunnlaugur Scheving	1904 — 1972
Halldór Pétursson	f. 1916
Helgi Þ. Friðjónsson	f. 1953
Ingunn Eydal	f. 1942
Jens Kristleifsson	f. 1940
Jóhann Briem	f. 1907
Jóhannes Kjarval	1885 — 1972
Jóhanna Bogadóttir	f. 1945



Gunnlaugur Scheving

Jón Engilberts	1908 — 1972
Jón Reykdal	f. 1945
Jón Þorleifsson	1891 — 1961
Kristinn Pétursson	f. 1896
Leifur Kaldal	f. 1898
Lísa Guðjónsdóttir	f. 1949
Nína Tryggvadóttir	1913 — 1968
Ólafur H. Gunnarsson	f. 1943
Ragnheiður Jónsdóttir	f. 1933
Richard Valtingojer Jóhannsson	f. 1935
Reinhild Patzelt	f. 1954
Skúli Ólafsson	f. 1952
Snorri Arinbjarnar	1901 — 1958
Snorri Sveinn Friðriksson	f. 1938
Valgerður Bergsdóttir	f. 1943
Valtýr Pétursson	f. 1919
Veturliði Gunnarsson	f. 1926
Þorvaldur Skúlason	f. 1906
Þórður Hall	f. 1949

SUNNUDAGSBLAÐ

ALÞYÐUBLAÐSINS

II. ARGANGUR

SUNNUDAGINN 1. JÚLÍ 1918.

II. TÖLUBLAÐ



Gata í Reykjavík.

Skarfbild af Þorsteini Arnarsoni.

Snorri Arinbjarnar



Guðmundur Einarsson frá Miðdal

Sýningarnefnd yfirlitssýningar á íslenskri grafík

Jón Reykdal

Ólafur Kvaran

Richard Valtingojer Jóhannsson

Þórður Hall

Íslensk grafík

Þakkar öllum þeim sem lánað hafa myndir á sýninguna. Sérstakar þakkir færur við frú Tove Engilberts, sem verið hefur einstaklega hjálpleg við öflun mynda eftir Jón Engilberts.



Bragi Ásgeirsson

Mynd á kápu:
Jón Engilberts

154. Kindahópur	vatnalitaprykk	Kr. 60.000.
155. Sfærskötturinn	"	"
156. Gjá á Þingvöllum	"	1974 "
157. Blómasölkona	"	" eig. Magnús A. Arnason
158. Móðir og barn	"	1975 Kr. 60.000.
159. Abstrakt design	"	1972 eig. Magnús A. Arnason

HALLDÓR PÉTURSSON	F. 1916.
160. Hestar	litograffia 1944 eign listamannsins
161. Hús og bátar	" 1943 "

Ath.

Hver mynd er þrykkð í mörgum eintökum af viðkomandi listamanni.
Eintakafjöldi mynda er gefin upp á flestum myndum, t.d. 3/10
þýðir þrjú eintak af tíu myndum, 7/20 sjöunda eintak af
tuttugu myndum o.s.fr.

- Hver raubur punktur tákna eitt selt eintak.

Rami ekki innifalinn í söluverði mynda.



ÍSLENSK GRAFIK
YFIRLITSFÉLING AD KJARVALSSTÓUM
5-20 JÚNÍ 1976

MYNDASKRÁ:

ÞORVALDUR SKÚLASON F.1906

1.	-ating/akvatinta	1969	eign listamannsins.
2.	-ating	1968	"
3.	-ating/akvatinta	1969	"
4.	-ating	1969	"

JENS KRISTLEIFSSON F.1940

5.	Lífsporetí (samiginleg kaffidrykkja)	-dúrista	1969	12.000 kr.
6.	Þorsti	"	1968	8.000 kr.
7.	Sjálfmynd	"	1968	8.000 kr.
8.	Jónsmessunútt	"	1968	10.000 kr.
9.	Leikar	"	1968	8.000 kr.

GLEMUNDUR EINHARSSON FRÁ MÍDAL 1895 - 1963

10.	-atingar	1922	eig. Listasafn Íslands
11.	-atingar	1922	"
12.	ating	1935	eig. Lýdía Pálsdóttir
13.	þurrval	1929	"

ÞÓRÐUR HALL F. 1949

14.	Í sjónmáli - serigraffia	1976	14.000 kr.
15.	Ummyndun I - serigraffia	1976	10.000 kr.
16.	Ummyndun II - serigraffia	1976	10.000 kr.

HELGI ÞORGILS FRÍÐJÓNSSON F. 1953

17.	- atingar	1976	24.000 kr.
-----	-----------	------	------------

GLEMNDUR THORSTEINSSON (MUGGUR) 1891-1924.

- 18. Tröllkona trérista 1915 eig. Listasafn Íslands
- 19. " " 1915 " " " "



NÍNA TRYGGVADÓTTIR 1913-1968

- 20. Þrá Dýrafirði trérista 1940 eig. Kristín Guðmundsdóttir
- 21. " " " Hanne Helgadóttir.

DÓGGISTUR ÓR GRAFDÓPFU. 1951

- 22. HÖFUNÐAR: Nína Tryggvadóttir eig. Hafsteinn Guðmundsson
Þorvaldur Skúllason
Valtýr Pétursson

EIRIKUR SMITH F. 1925

- 23. Höfnin þjurnál 1962 eig. Þuríður Sigurðardóttir
- 24. " ating 1962 " Vigdís Jónsdóttir

BJÖRN BJÖRNSSON 1886 - 1939

- 25. þjurnál eig. Harald St. Björnsson.
- 26. " " " "

EGGERT GLEMNDSSON F. 1906.

- 27. Við dárarbeið litograffía 1931 eign listamannsins.
- 28. Þunglyndi " 1929-30 "
- 29. Lúkvakan " 1929 "
- 30. Öreigar " 1930 "

BRAGI ÁSGEIRSSON F. 1931

- 31. litograffía 1956 45.000 kr
- 32. " " " 65.000 kr
- 33. Myndbygging " 1960 50.000 kr
- 34. " " " 50.000 kr
- 35. Kona í næsta húsi " 1956 60.000 kr

84. Kossinn trérista 1955 eig. Þórhallur Jónsson.

85. Öreigar í Berlín " 1933 eig. Jón Þeykdal

samsvarandi þrykk Kr. 45.000.

86. Blóm " " Kr. 45.000.

87. Eftirvinnu " 1935 Kr. 40.000.

88. Listamannalíf " 1928 eig. Jón Þeykdal

89. Sveit ating 1924 eig. Tove Engilberts.

90. Lífið eins og það er. ating 1930 eig. Tove Engilberts.

91. Sjómenn að störfum trérista 1936 Kr. 55.000.

92. Andlit ating eig. Tove Engilberts.

93. Kveðjustund trérista 1950 Kr. 55.000.

94. Piltur og stúlka þjurnál eig. Tove Engilberts.

95. Anna " Kr. 65.000.

96. Kröfuganga trérista 1933 Kr. 60.000.

97. Við höfnina trérista 1937 Kr. 60.000.

98. Eftir vinnu " 1935 eig. Tove Engilberts.

99. Tove þjurnál 1950 Kr. 70.000.

100. Birgitta " 1950 Kr. 50.000.

101. Tverr ekkjur 1937 eig. Tove Engilberts.

102. Dansinn dökrista 1944 eig. Birgitta Engilberts.

103. Raub hött trérista 1956 eig. Tove Engilberts.

104. Kona við borð " 1938 eig. Þorvaldur S. Jónsson.

samsvarandi þrykk Kr. 90.000.

105. Kvöld í sjávarþorpi trérista 1937 eig. Þorvaldur S. Jónsson

106. Kvöld í París " 1937 Kr. 60.000.

107. Endurfundur " eig. Þórhallur Jónsson

samsvarandi þrykk Kr. 45.000.

108. Freisting götunnar trérista 1946 Kr. 90.000.

GLEMNDUR Á. SIGURJÓNSSON F. 1944

109. Verkanaður dökrista 1976 eign listamannsins.

110. Verkanaður " 1976 "

ERRÓ F. 1932.

111. Serigráfa 1973 eig. Mattías Jóhannessen.
112. " 1975 " "

JÓN ÞORLEIFSSON 1891- 1961

113. Þrá Þingvöllum litografa 1929 eig. Úrúla Pálsdóttir.
114. " " " " " "
115. " " " " " "

FEÐMILD ÞATZELT F. 1954.

116. Á mararbotni ating/akvatinta 1976 Kr: 8.000.
117. Landslag " " " "

JÓN KEYDAL F. 1945.

118. Skugginn dúcrista 1976 Kr. 10.000.
119. Í mótbirtu " 1975 Kr. 8.000.
120. Fallskuggi " 1976 Kr. 5.000.
(hvert þrykk)

JÓHANNA BOGADÓTTIR F. 1944.

121. Fírring I ating/akvatinta 1976 Kr. 15.000.
122. Móscfesting 11.1976 ating/akvatinta 1976 Kr. 17.000.
123. Fangi III. " " Kr. 15.000.

RAGNHEILDUR JÓNSDÓTTIR F. 1933.

124. Glundur 75 IV. ating/akvatinta 1976 Kr. 18.000.
125. " III. " " "
126. " II. " " "

SNORRI SVEINN FRÍDRÍKSSON. F. 1938.

127. 6 tilbrigði litografa 1961 eign listamannsins

LÍSA GUDJÓNSDÓTTIR F. 1949.

128. Vör í Flórens ating 1976 Kr. 8000.
129. Skín og skárir " " "
130. Hvert stefnum við? " " "

36. Sirkusfólk trérista 1953 40.000 kr
37. Ópið " 1953 eig. Ragnar Björnsson.
38. Hin svarta litógráfía 1956 45.000 kr
39. Gula konan trérista 1953 35.000 kr
40. litógráfía 45.000 kr
41. " 1956 45.000 kr
42. " 1958 80.000 kr
43. " 1956 45.000 kr
44. Kona og fugl serigráfía 1957 eig. Hlynur Sigtryggsson
45. Þærkar þunnál 1959 eign listamannsins.
46. Sjálfsmynd trérista 1952 35.000 kr

VEIURLIDI GUNNARSSON F. 1926

47. litógráfía 1953 eign listamannsins.
48. " 1953 "
49. Forum Romanum " 1953 "

RICHARD VALTINGOJER JÓHANSSON F. 1935

50. Landslag II ating/akvatinta 1976 16.000 kr
51. Þróun " 1976 16.000 kr
52. Fallnir englar " 1976 16.000 kr

INGUNN EYDAL F. 1942

53. Sjónvarpogláp ating/akvatinta 1976 7.000 kr
54. Þrá ströndum " 1976 8.500 kr

ÓLAFUR H. GUNNARSSON F. 1943

55. Nafnlaus serigráfía 1976 14.000 kr
56. " " 1976 14.000 kr

GUNLAUGUR SCHEVING 1904 - 1972

57. trérista - einkaeign.
58. " - " "
59. " - " "
60. " - " "

LEIFUR KALDAL F. 1898

61. ating 1922 eign listamannsins.
 62. messotintur 1922 "
 63. messotintur/ ating 1922 "

KRISTINA PÉTUSSON F. 1896

64. ating / ákvatinta 1931 eig. Listasafn Íslands
 65. Álfafersa ating/ ákvatinta 1931 "

ANNA SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR F. 1921

66. Kyndill II. ating 1974 Kr. 11.000.
 67. Brúin þurrálf 1969 Kr. 10.000
 68. Vefnaður ating 1974 Kr. 9.500

ARTHUR ÓLAFSSON F. 1940

69. Hvaðan kemur hann - Hvert fer hann? litógraffía 1969 eig. Jón Svein.
 70. "Förtryck" litógraffía 1970 eig. Adalsteinn Ingvilsson.

BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR F. 1940.

71. Quartett III ating/ákvatinta 1976 Kr. 16.000.
 72. Bláundur og bláoyfa ating/ákvatinta 1976 Kr. 24.000.
 73. Duett ating/ákvatinta 1976 Kr. 16.000.

JÓN ENGILBERTS. 1908-1972.

74. Þrjár verur trérista 1937 eig. Tove Engilberts.
 75. Sorg trérista 1937 Kr. 60.000.
 76. Móðir með barn trérista 1935 Kr. 65.000.
 77. Kona við glugga trérista 1946 Kr. 55.000.
 78. Sumarnótt trérista 1954 eig. Jóhann Møller.
 79. Gulldálfurinn trérista 1954 eig. Birgitta Engilberts
 80. Úr álögum trérista 1967 eig. Tove Engilberts.
 81. Kona trérista Kr. 75.000.
 82. Lirfan trérista 1945 Kr. 70.000.
 83. Fjögur aldurskeið trérista 1935 eig. Þorvarður S. Jónsson
 Samsvarandi þrykk Kr. 75.000.

EGGERT LAXDAL 1897- 1951.

131. Dúkrstur á sunnudagsblað Alþýðublaðsins 1934-36.

SNORRI ARINBJARNAR 1901- 1958

132. Dúkrstur á sunnudagsblað Alþýðublaðsins 1934-36.

133. "

JÓHANN BRIEN F. 1907.

134. Dúkrstur á sunnudagsblað Alþýðublaðsins 1934-36.

VALGERÐUR BERGSDÓTTIR F. 1943.

135. Múmmuleikur ating 1976. Kr. 9.000.
 136. Brúuleikur " " "

SKÚLI ÓLAFSSON F. 1952

137. Hennirnir með hvítu hausana ating/ákvatinta 1975 Kr. 9.000.
 138. Oft er í holti heyrandi nær. " " 1976 "

JÓHANNES KJARVAL 1885- 1972.

139. Segliskip litograffía 1919 eign Þjóðminjasafnsins.
 140. Álfakirkja að dægi " " "
 141. Landslag " " "
 142. Álfakirkja að nóttu " " "

BARBARA ÁRNASON 1911- 1975

143. Vatnsdalshólar tréstunga eig. Kristján Reykdal
 144. Fugl " eig. Hafsteinn Guðmundsson.
 145. Móses " eig. Stella Reykdal.
 146. Konur " "
 147. Glenáfoss " 1939 Eig. Sigurður Thoroddsen.
 148. Barn á brjósti " eig. Sigr. Svava Guðmundsdóttir.
 149. Vatnsdropar " "
 150. Flórvildi og blóm " "
 151. Myndskreytingar í bókina Við sagnabrunninn 1971 eig. Magnús Á. Árnason.
 152. " " "
 153. " " "